

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Ráðhúsinu – Bárustíg 15
900 Vestmannaeyjum



Hafnarfirði, 21. 5. 2026
MFRI: 2026-04-0246/2026-04-0247

Efni: Stækkun á iðnaðarsvæði I3 í Viðlagafjöru og breyting á deiliskipulagi. Tillögur í auglýsingu.

Hafrannsóknastofnun bærust tvö erindi frá Vestmannaeyjabæ dags. 9. apríl 2026 þar sem Vestmannaeyjabær óskar eftir umsögn stofnunarinnar um tvær skipulagstillögur í auglýsingu. Mál nr. 1473/2025 í Skipulagsgátt fjallar um breytingu á aðalskipulagi en mál nr. 1474/2025 um breytingu á deiliskipulagi í Viðlagafjöru. Hafrannsóknastofnun vinnur málin saman og skilar samhljóða umsögn um þau bæði.

Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 felur í sér stækkun á iðnaðarsvæði I-3 í Viðlagafjöru til að auka athafnasvæði fiskeldis sem þar er starfrækt. Með fyrirhuguðum skipulagsbreytingum stækkar iðnaðarsvæðið I-3 úr 16,64 ha í 20,9 ha, efnistökusvæði E-1 er felld út og mörk óbyggðra svæða breytast lítillega. Breytt deiliskipulag felur í sér stækkun á athafnasvæði landeldisstöðvar Laxeyjar ehf. með nýrri lóð til norðurs frá núverandi lóð þar sem ráðgert er að byggja seiðaeldisstöð og aðra vinnslu á vegum Laxeyjar. Fyrirhugað er að auka framleiðslugetu Laxeyjar úr 11.500 tonnum af eldisfiski í 42.000 tonn á ári.

Umsögn Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér skipulagstillögurnar og fylgigögn. Stofnunin hefur veitt umsögn um tillögurnar á fyrri stigum skipulags, sjá umsagnir dags. 13. nóvember 2025 og 2. janúar 2026. Í vinnslu hjá stofnuninni er einnig umsögn um umhverfismatsskýrslu í kynningu vegna stækkunar landeldis Laxeyjar.

Um endurafmörkun vatnshlota í næstu Vatnaáætlun

Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreindar skipulagsbreytingar en vill koma tveimur ábendingum á framfæri. Í kafla 2.2.12 *Meðferð úrgangs* í greinargerð um breytt deiliskipulag er vísað til reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Hafrannsóknastofnun bendir á að ný reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólp hefur tekið gildi og leyst eldri reglugerð af hólmi.

Um þessar mundir er Umhverfis- og orkustofnun að vinna að endurafmörkun á strandsjávarvatnshlotum. Vinnan er liður í undirbúningi næstu Vatnaáætlunar Íslands 2028-2033 (Umhverfis- og orkustofnun, 2026) og á að ljúka á þessu ári. Endurafmörkun vatnshlota tekur mið af álagi í vatnshlotum og markmiðið er að auðvelda mat á ástandi vatnshlota, gerð áhrifamats og skipulag vöktun. Fyrir liggur að strandsjávarvatnshlotinu Dyrhólaey að Þorlákshöfn 103-1342-C verður skipt upp og afmarkað verður minna vatnshlot utan um Vestmannaeyjar.

Þegar stækkun landeldis í Viðlagafjöru kemur til framkvæmda er því fyrirséð að strandsjávarvatnshlotið sem verður fyrir áhrifum af eldinu verði annað og minna en það sem skipulagsgerð tekur mið af í dag.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagstillögurnar.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar,



Hrönn G. Guðmundsdóttir

Heimild

Umhverfis- og orkustofnun. (2026). *Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028-2033. Drög til kynningar*. Umhverfis- og orkustofnun. 37 bls.